

Reykjavík, 25. október 2018

Efni: Vegna aðalfundar.

Stjórn Umhyggju hefur ákveðið að boða til næsta aðalfundar félagsins eins skjótt og mögulegt er í samræmi við 9. gr. laga félagsins. Verður boðað til fundarins um leið og nánari tímasetning liggur fyrir. Um leið hefur verið fallið frá því að efna til sérstaks aukaaðalfundar eins og áður hafði verið ætlað. Við nánari skoðun reyndist ekki grundvöllur fyrir slíkum fundi, samkvæmt núgildandi lögum félagsins. Með það í huga telur stjórnin rétt að fram fari endurskoðun á lögum félagsins til að auka skýrleika þeirra um þetta atriði. Það er því vilji stjórnar að fyrir aðalfundi liggja skýr greining og eftir atvikum tillögur um lagabreytingar, til umfjöllunar og ákvörðunar á fundinum. Einnig hefur stjórn félagsins ákveðið að óska eftir því við endurskoðendur félagsins að endurskoðun reikninga verði hraðað eins og kostur er. Áður boðuð úttekt á starfssemi Umhyggju er nú í fullum gangi og gengur vel.

Fyrir hönd stjórnar Umhyggju,
Regína Lilja Magnúsdóttir, formaður.